





Reykjavík, 27. mars 2025  
USK25010279

## Grænlandsleið 25 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa / SM

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa x. mars 2022 var lögð fram fyrirspurn Úlfars Árnasonar, dags. 25.01.2025, um hvort byggja megi litlar svalir á norðurhlið íbúðar á efri hæð, skv. meðfylgjandi skissu.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin borgarhluta 10, Grafarholt - Úlfarsárdagur og er hluti af íbúðarsvæði / ÍB56.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Grafarholt – svæði 3, samþykkt í borgarráði 07.03.2001, ásamt síðari breytingum.

### Umsögn

Sbr. greinargerð gildandi deiliskipulags er húsið hluti af raðhúsalengju á svæði 3A. Ekki kemur fram í greinargerð skilyrði um svalir. Því skal fylgja leiðbeiningum hverfisskipulags varðandi útfærslu. Samþykki allra eigenda lóðarinnar, ásamt eigenda aðliggjandi lóða, skal fylgja byggingaleyfisumsókn.



Tillaga að svölum



## Niðurstaða

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Afla skal samþykki allra eigenda á lóðum nr. 23, 25 og 27 fyrir útlitsbreytingum og fylgja skal leiðbeiningum hverfisskipulags um parhús og raðhús varðandi útfærslu svala.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

## Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

